



Seltjarnarnesi, 29. apríl 2021

Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Efni: Þingskjal 1192 — 713. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, nr. 87/2018 (nikótínvörur).

Lyfjafræðingafélag Íslands (LFÍ) vill veita umsögn og koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við frumvarpið.

LFÍ fagnar því að frumvarpið nái yfir nikótínvörur, þar með talið nikótínþúða. LFÍ ítrekar mikilvægi þess að tryggja eftir fremsta megni öryggi neytenda nikótínvara og annarra sem til þeirra gætu náð, sérstaklega barna.

Talið er að notkun nikótínvara sé orðin útbreidd meðal ungs fólks hér á landi og fer markaðssetning slíkra vara einkum fram á samfélagsmiðlum, meðal annars með því að svokallaðir áhrifavaldar komi vörunum á framfæri við þá markhópa sem sóst er eftir. Hér er ekki fyrst og fremst um að ræða aðstoð við að draga úr eða hætta notkun tóbaks svo bæta megi lýðheilsu, því markhópurinn er ekki síður ungir einstaklingar sem hafa ekki ánetjast tóbaki.

LFÍ fagnar því að tekið hafi verið tillit til athugasemda umsagna og að kveðið sé skýrar á um takmarkanir á auglýsingum og markaðssetningu.

Áhrifaríkasta leiðin til að draga úr tóbaksnotkun er að draga úr sýnileika þess og aðgengi og það sama gildir væntanlega einnig um aðrar nikótínvörur.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Lyfjafræðingafélags Íslands,

Inga Lilý Gunnarsdóttir
Formaður Lyfjafræðingafélags Íslands